



## Fjárhagsáætlanir 2012

### Inngangur

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skulu sveitarstjórnir afgreiða fjárhagsáætlanir fyrir lok desember ár hvert. Þegar sveitarstjórn afgreiðir fjárhagsáætlun er ekki verið að setja upp lauslega áætlun um tekjur og gjöld fyrir komandi rekstrarár heldur er sveitarstjórnin að taka ákvörðun um fjárheimildir og ráðstafanir þeirra til rekstrar og fjárfestinga. Einungis má bregða út frá samþykktri fjárhagsáætlun með sérstakri ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni. Ætíð skal vera tryggt að nýjum útgjöldum séu markaðar skilgreindar tekjur. Með því móti á að vera tryggt að hvert sveitarfélag sé ætíð rekið samkvæmt samþykktum fjárheimildum. Fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi rekstrarár er því mikilvægt stjórnunartæki við rekstur hvers sveitarfélags. Niðurstöður fjárhagsáætlana leiða í ljós mikilvægar upplýsingar um hvert stefnir í rekstri og efnahag sveitarfélaga á komandi ári.

Ný sveitarstjórnarlög tóku gildi 1. janúar 2012. Reglur um afgreiðslu fjárhagsáætlunar eru nokkuð breyttar frá fyrri lögum. Fjárhagsáætlun skal afgreiða eigi síðar en þann 15. desember ár hvert. Einnig skal afgreiða fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár og þriggja ára áætlun í einu lagi þannig að heildaráætlun um fjármál sveitarfélagsins fyrir næstu fjögur ár sé rædd í heildarsamhengi. Samkvæmt jafnvægisreglu verður rekstur sveitarfélagsins að vera í jafnvægi á hverjum þremur árum.

Sveitarfélög á Íslandi eru 75 talsins. Íbúafjöldi þeirra er afar misjafn, landfræðilegar aðstæður þeirra eru mismunandi svo og ýmsir aðrir þættir. Sveitarfélögunum er því skipt í fjóra flokka til frekari glöggvunar þegar niðurstöður fjárhagsáætlana eru skoðaðar. Þeir eru sem hér segir:

- Reykjavíkurborg
- Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkurborgar
- Vaxtarsvæði. Sveitarfélög frá og með Borgarbyggð, suður um Reykjanes og til og með Sveitarfélaginu Árborg, Akureyrarkaupstaður, Fljótshálfshérað og Fjarðabyggð.
- Önnur sveitarfélög

Þessi flokkun er einn valkostur af ýmsum fleirum sem hægt er að nota til að flokka sveitarfélögin. Hægt er að nota aðrar breytur til að leiða fram ákveðinn eðlismun í þeim aðstæðum sem sveitarfélög búa við.

Hér á eftir eru birtar upplýsingar úr fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir árið 2012 (A-hluti) eins og skil þeirra voru í byrjun síðustu viku janúar. Einnig er sett fram útkomuspá fyrir árið 2011 eins og hún kemur fram í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir árið 2012. A-hluti sveitarsjóðs er fjármagnaður að mestu leyti með skatttekjum og hann ber endanlega ábyrgð á rekstri B-hluta fyrirtækja og stofnana. Því skiptir rekstrarstaða og efnahagur A-hlutans höfuðmáli

### Bls. 2



Framlegð sem hlutfall af heildartekjum er hæst hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ en lægst hjá Reykjavíkurborg.

### Bls. 3



Færslur á framlögum jöfnunarsjóðs til einstakra sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks eru ekki færðar allstaðar á sambærilegan hátt.

### Bls. 6



Yfirleitt eru veltufjármunir verulega hærri en skammtímaskuldir sem segir að lausafjárstaða sveitarfélaganna sé í heildina tekið frekar góð.

fyrir fjármál hvers sveitarfélags.

Í töflu 1 kemur fram að í lok janúar 2012 hafa 34 sveitarfélög með 89,7% íbúanna skilað fjárhagsáætlunum inn til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á sama tíma liggja fyrir útkomuspá frá 26 sveitarfélögum þar sem búa 76,9% íbúanna. Í töflunni sést að það eru einkum sveitarfélög í flokknum „önnur sveitarfélög“ sem hafa ekki enn skilað niðurstöðum úr fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 til sambandsins. Nokkur þeirra hafa fengið formlegan frest til að skila fjárhagsáætlun síðar en tímamörk kveða á

um. Niðurstöður úr fjárhagsáætlunum þeirra sveitarfélaga sem hafa skilað upplýsingum eru færðar upp hlutfallslega innan hvers flokks með hliðsjón af íbúafjölda þannig að þær gildi fyrir öll sveitarfélög landsins. Þegar niðurstöður liggja fyrir frá sveitarfélögum með um 90% íbúanna þá er óhætt að segja að þær séu mjög marktækar fyrir heildina. Niðurstöður frá sveitarfélögum þar sem búa tæp 80% íbúanna gefa á hinn bóginn ágætlega marktækar ábendingar um endanlega útkomu.

**Tafla 1. Skil fjárhagsáætlana**

	Reykjavíkurborg	Hlutf. af heild	Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutf. af heild	Vaxtarsvæði	Hlutf. af heild	Önnur sveitarfélög	Hlutf. af heild	Samtals
<b>Íbúafjöldi</b>	118.898	37,4%	83.278	26,2%	69.962	22,0%	46.088	14,5%	318.226
<b>Íbúafjöldi í sveitarfélagi sem hafa skilað</b>	118.898		83.233		53.656		29.738		285.525
<b>Fjöldi sveitarfélaga</b>	1		7		16		52		76
<b>Fjöldi sveitarf. sem hefur skilað</b>	1		6		9		18		34
<b>Útsvarsprósenta (vegið meðaltal)</b>	14,48%		14,36%		14,47%		14,47%		14,44%
<b>Hlutfall af íbúafjölda</b>		100,0%		99,9%		76,7%		64,5%	89,7%

Í töflu 1 kemur fram íbúafjöldi í hverjum flokki, íbúafjöldi þeirra sveitarfélaga sem hafa skilað fjárhagsáætlunum svo og skil fjárhagsáætlana eftir einstökum flokkum. Skilin eru lökust í flokknum „Önnur sveitarfélög“. Einnig kemur fram í þessari töflu vegið meðaltal útsvarsprósentu í hverjum flokki svo og landsmeðaltal útsvarsálagningar. Útvar er mikilvægasti tekjustofn sveitarfélaganna og því rétt að draga sérstaklega fram upplýsingar um álagningarhlutfallið. Útsvarsálagningin er að jafnaði lægst hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur“.



*Sveitarfélagið Vogar*

## Niðurstöður fjárhagsáætlana 2012

### 1. Rekstraryfirlit

Í rekstraryfirliti er birt yfirlit um tekjur og gjöld sveitarfélaganna. Þar eru einnig tilteknar afskriftir, breytingar á lífeyrisskuldbindingum, fjármagnstekjur og gjöld ásamt óreglulegum liðum (tekjur/gjöld). Niðurstaða tekna og gjalda úr rekstraryfirliti fjárhagsáætlana er birt í töflu 2.

Í töflu 2 koma fram niðurstöður fjárhagsáætlana um tekjur og gjöld sveitarfélaganna fyrir árið 2012. Hlutfall íbúa í hverjum flokk er birt til samanburðar. Heildarframlegð sveitarfélaganna er áætluð vera 20,4 ma.kr. sem eru rétt rúm 10% af áætluðum heildartekjum. Framlegð sem hlutfall af heildartekjum er hæst hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ en lægst hjá Reykjavíkurborg.

Tafla 2. Niðurstaða rekstrar

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutf. af tekjum	Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutf. af tekjum	Vaxtarsvæði	Hlutf. af tekjum	Önnur sveitarfélög	Hlutf. af tekjum	Samtals	Hlutf. af tekjum
<b>Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting</b>	118.898	37,4%	83.278	26,2%	69.962	22,0%	46.088	14,5%	318.226	100,0%
<b>Skatttekjur</b>	53.320	76,3%	38.349	76,4%	28.073	63,2%	18.643	57,3%	138.384	70,2%
<b>Framlög jöfnunarsjóðs</b>	810	1,2%	3.211	6,4%	7.616	17,2%	7.409	22,8%	19.046	9,7%
<b>Þjónustutekjur og aðrar t.</b>	15.757	22,5%	8.634	17,2%	8.706	19,6%	6.487	19,9%	39.584	20,1%
<b>Samtals tekjur</b>	69.887	100,0%	50.193	100,0%	44.395	100,0%	32.539	100,0%	197.015	100,0%
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	36.588	52,4%	24.559	48,9%	22.890	51,6%	17.049	52,4%	101.087	51,3%
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>	28.362	40,6%	18.473	36,8%	16.305	36,7%	12.405	38,1%	75.545	38,3%
<b>Samtals gjöld</b>	64.950	92,9%	43.032	85,7%	39.195	88,3%	29.454	90,5%	176.631	89,7%
<b>Framlegð (tekjur-gjöld)</b>	4.937	7,1%	7.161	14,3%	5.200	11,7%	3.085	9,5%	20.383	10,3%
<b>Hlutfall af heildarframlegð</b>		24,2%		35,1%		25,5%		15,1%		100,0%

Í framhaldi af þessu er áhugavert að sjá þetta yfirlit sett hátt raunhæfari samanburður á milli einstakra flokka. upp miðað við niðurstöður á hvern íbúa. Þá fæst á ýmsan

Tafla 3. Niðurstaða rekstrar, kr. á íbúa

Kr. á íbúa	Reykjavíkurborg	Höfuðborgarsv. án Rvk	Vaxtarsvæði	Önnur sveitarfélög	Meðaltal f. landið
<b>Skatttekjur</b>	448.452	460.490	401.260	404.499	434.861
<b>Framlög jöfnunarsjóðs</b>	37.965	45.346	108.860	160.760	73.267
<b>Þjónustutekjur og aðrar tekjur</b>	101.373	96.885	124.441	140.763	110.974
<b>Samtals tekjur</b>	587.790	602.721	634.560	706.022	619.103
<b>Laun og launatengd gjöld</b>	307.726	294.907	327.177	369.931	317.657
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>	238.541	221.823	233.059	269.151	237.394
<b>Samtals gjöld</b>	546.267	516.730	560.236	639.081	555.050
<b>Framlegð</b>	41.523	85.991	74.325	66.940	64.053

Í töflu 3 er birt yfirlit um tekjur og gjöld á hvern íbúa eftir einstökum flokkum svo og meðaltal fyrir landið allt. Skatttekjur eru hæstar á hvern íbúa á „Höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ en greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á hvern íbúa eru langhæstar hjá „Öðrum sveitarfélögum“ og á „Vaxtarsvæði“ og eins og gefur að skilja.

Hafa ber í huga í þessu sambandi að mögulegt er að færslur á framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til einstakra sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks séu ekki færðar allstaðar á sambærilegan hátt. Hér hafa þessar greiðslur verið skilgreindar og færðar sem „Framlög jöfnunarsjóðs“ eftir því sem mögulegt er. Fyrir kemur að þær séu færðar sem „Þjónustutekjur og aðrar tekjur“. Því getur verið um eitthvað ósamræmi á milli einstakra sveitarfélaga hvað hlutdeild Jöfnunarsjóðs varðar af heildartekjum en það hefur ekki áhrif á heildarniðurstöðu rekstrar.

Einnig ber á það að minna að í öðrum tilvikum renna þessar greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna málefna

fatlaðs fólks beint til byggðasamlaga eða þjónustusvæða sem annast framkvæmd verkefnisins. Þessar greiðslur koma ekki inn í ársreikninga sveitarfélaga og má því segja að í þessu sambandi sé ákveðin ónákvæmni til staðar enn sem komið er.

Glögggt kemur fram hve rekstrarkostnaður sveitarfélaga á hvern íbúa er hærri utan höfuðborgarsvæðisins, þar sem sveitarfélög eru fámennari. Það á bæði við um launakostnað og annan rekstrarkostnað. Framlegð á hvern íbúa er áberandi lægst í Reykjavík. Þar á eftir koma „Önnur sveitarfélög“ en framlegð er nokkuð álíka að jafnaði á hvern íbúa í sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar.

Reiknaðir liðir skipta máli varðandi afkomu sveitarfélaganna, enda þótt þeir komi ekki til útgjalda á árinu. Þar er um að ræða afskriftir og breytingar á lífeyrisskuldbindingum. Niðurstaða úr rekstraryfirliti sveitarfélaganna eftir að tekið hefur verið tillit til reiknaðra liða og fjármagnsliða kemur fram í töflu nr. 4.

Tafla 4. Niðurstöður úr rekstraryfirliti sveitarfélaganna

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutfall Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutfall	Vaxtarsvæði	Hlutfall	Önnur sveitarfélög	Hlutfall	Samtals	
Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting	118.898	37,4%	83.278	26,2%	69.962	22,0%	46.088	14,5%	318.226
Framlegð	4.937		6.916		4.681		2.349		18.883
Afskriftir	3.449		2.360		2.370		1.164		9.344
Breyting líffeyrisskuldbindinga (áætl*)	600		685		219		353		1.858
Niðurstaða án fjármunat. og (gjalda)	888		3.870		2.091		832		7.682
Fjármunatekjur og (gjöld)	-868		-2.104		-3.108		-494		-6.575
Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði	20		1.766		-1.017		338		1.107
Óreglulegir liðir	0		0		270		0		270
Rekstrarniðurstaða eftir óreglulega liði	20		1.766		-747		338		1.377

Í töflu 4 kemur fram að afkoma sveitarfélaganna, eftir að tekið hefur verið tillit til reiknaðra liða og fjármagnsliða, er í heildina tekið lakari en æskilegt væri. Afkoma sveitarfélaganna er jákvæð sem nemur rúmlega 0,5% þegar tekið er tillit til reiknaðra liða og fjármagnsliða. Mikill fjármagnskostnaður hefur veruleg áhrif á endanlega niðurstöðu. Hann samanstendur bæði af raunverulegum útgjöldum og tekjum en einnig af reiknuðum liðum s.s. vegna gengisbreytinga og verðbóta. Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði er reiknuð sérstaklega út. Hún segir hver sé afkoma sveitarfélaganna af hefðbundnum rekstri. Þar til viðbótar koma óreglulegir liðir sem geta verið mjög breytilegir frá einu ári til annars. Óreglulegir liðir geta verið tekjur vegna sölu eigna, sölu byggingarréttar og kostnaður vegna sérstakra aðstæðna s.s. náttúruhamfara eða annað sem telst ekki til hefðbundinnar starfsemi

sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir óverulegum fjárhæðum í þeim lið á komandi ári.

## 2. Sjóðstreymi

Í sjóðstreymisyfirliti fjárhagsáætlunar kemur fram hve mikið lausafé er afgangur í rekstrinum þegar búið er að borga daglega reikninga, hve miklar fjárfestingar eru fyrirhugaðar, hve mikil fjárförf er vegna fjárfestinga og afborgana af lánnum og hvernig þessi fjárförf er fjármögnuð. Þetta yfirlit er ekki síður mikilvægt til að átta sig á greiðsluhæfi sveitarfélags en rekstraryfirlitið.

Í töflu 5 kemur fram yfirlit um áætlað sjóðstreymi sveitarfélaganna á árinu 2012 samkvæmt fjárhagsáætlunum þeirra.

Tafla 5. Sjóðstreymisyfirlit

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutfall Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutfall	Vaxtarsvæði	Hlutfall	Önnur sveitarfélög	Hlutfall	Samtals	Samtals 2011	
Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting	118.898	37,4%	83.278	26,2%	69.962	22,0%	46.088	14,5%	318.226	318.226
Veltufé frá rekstri	4.478		4.618		2.743		2.562		14.402	13.153
Veltufé frá rekstri (% af tekjum)	6,4%		9,2%		6,2%		7,9%		7,3%	7,0%
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjárm.	6.230		2.293		1.981		2.151		12.655	14.373
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	560		0		167		132		859	2.595
Eignarhlutir í félögum, breyting	87		55		-2.137		0		-1.995	258
Breyting langtímakrafna	107		124		-1.030		223		-576	-6.690
Fjárfestingarhreyfingar	5.650		2.224		707		1.796		10.377	18.726
Tekin ný langtímalán	6.230		400		2.575		1.709		10.915	17.470
Afborganir langtímalána	2.960		3.194		7.131		2.171		15.456	17.681
Víðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyt.	117		222		322		-389		272	40
Langtímask. v. eigin fyrirt. breyting	0		260		-33		12		240	97
Skammtímalán, breyting	0		290		-137		-19		135	-1.860
Fjármögnunarhreyfingar	3.387	0	-2.021	0	-4.403	0	-857	0	-3.894	-1.934
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	2.215		373		-2.367		-91		130	-7.507

Veltufé fé frá rekstri er það fjármagn sem afgangur er frá daglegum rekstri og nýttist til að greiða afborganir lána og annarra skuldbindinga og standa þar að auki undir fjárfestingum. Þá er búið að bakfæra alla reiknaða liði úr uppgjöri rekstrarreiknings. Veltufé er góður mælikvarði á hve auðvelt er fyrir rekstraraðila að standa undir áhvilandi skuldbindingum. Ef veltufé frá rekstri dugur t.d. ekki til að standa undir afborgunum langtímalána er fullrar varúðar þörf því þá verður að taka lán til að greiða afborganir eldri lána og til að fjármagna framkvæmdir að fullu. Slíkt ástand getur einungis gengið í tiltölulega skamman tíma. Ef veltufé frá rekstri er neikvætt ættu allar viðvörunarbjöllur að hringja. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum lægst hjá sveitarfélögum á „Vaxtarsvæði“ og þar næst hjá Reykjavíkurborg. Að jafnaði er það rúm 7%.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru ætlaðar samtals um 12,7 ma.kr. Þar af er um helmingur hjá Reykjavík sem er verulega umfram hlutdeild borgarinnar í heildaríbúafjölda landsins. Þessi fjárhæð er nokkuð lægri en fram kemur í útkomuspá ársins 2011. Í henni eru fjárfestingar metnar nálægt 14,3 ma.kr. Það vekur ákveðnar áhyggjur því samdráttur í fjárfestingum hefur veruleg áhrif á atvinnulífið og atvinnustig. Sala rekstrarfjármuna er óverulegur hluti af fjármögnun fjárfestinga. Ný lántaka er áætluð 10,9 ma.kr. Hlutfallslega er lánataka mest hjá Reykjavíkurborg. Þar á móti er áætlað að greiða niður langtímalán um 15,5 ma.kr. Þegar allt hefur verið stillt

saman þá er eftir að afla sem nemur tæplega 3,9 ma.kr. til að uppfylla fjárþörf ársins. Það á við um öll sveitarfélög utan Reykjavíkur en í Reykjavík er staða fjármögnunarhreyfinga jákvæð. Aftur á móti er staða fjármögnunarhreyfinga neikvæð hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur“ og á „Vaxtarsvæðum“.

Staða fjármögnunarhreyfinga gefur til kynna hvort sveitarfélög hafa náð að uppfylla fyrirsjáanlega fjárþörf í fjárhagsáætlun eða ekki. Þar sem fjármögnun er neikvæð er ljóst að ekki liggur fyrir hvernig eigi að fjármagna fyrirsjáanlegar fjárfestingar og / eða afborganir lána. Því má síðan ekki gleyma að vegna efnahagsástandsins er ekki tryggt að öll sveitarfélög nái að uppfylla lánsfjárþörf sína á árinu.

### 3. Efnahagsreikningur

Í efnahagsreikningi er tekið saman yfirlit um eignir sveitarfélaganna og hvernig þær eru fjármagnaðar. Eignum er skipt upp í fastafjármuni og veltufjármuni eftir því hve auðvelt er að losa það fjármagn sem bundið er í þeim. Skuldahlíð efnahagsreiknings er skipt upp í skuldbindingar (sem eru fyrst og fremst lífeyrisskuldbindingar) og langtímaskuldir og skammtímaskuldir. Mismunur eigna og skulda er síðan eigið fé (höfuðstóll).

Í töflu 6 kemur fram yfirlit um efnahagsreikning sveitarfélaganna.

Tafla 6. Efnahagsreikningur

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutfall Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutfall Vaxtarsvæði	Hlutfall Önnur sveitarfélög	Samtals				
<b>Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting</b>	118.898	37,4%	83.278	26,2%	69.962	22,0%	46.088	14,5%	318.226
<b>Fastafjármunir</b>	117.090		109.246		101.180		53.862		381.378
<b>Veltufjármunir</b>	20.385		7.140		12.915		10.111		50.551
<b>Eignir</b>	<b>137.475</b>		<b>116.386</b>		<b>114.095</b>		<b>63.973</b>		<b>431.929</b>
<b>Eigið fé</b>	79.623		36.435		33.143		25.141		174.341
<b>Skuldbindingar</b>	7.328		13.499		7.925		10.475		39.228
<b>Langtímaskuldir</b>	41.293		49.801		58.005		21.297		170.397
<b>Skammtímaskuldir</b>	9.231		16.651		15.022		7.059		47.964
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>	<b>57.852</b>		<b>79.951</b>		<b>80.953</b>		<b>38.832</b>		<b>257.588</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>137.475</b>		<b>116.386</b>		<b>114.095</b>		<b>63.973</b>		<b>431.929</b>

Í töflu 6 kemur fram yfirlit um eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélaganna. Heildarskuldir og skuldbindingar nema samtals um 257,6 ma.kr. Skuldbindingar sem voru áður utan efnahags eru nú komnir inn í efnahagsreikning. Þær eru samtals að fjárhæð nálægt 45,0 ma.kr. Þar var um að ræða samninga við fjármögnunarfyrirtæki

sem eru til komnir annað hvort vegna nýbygginga eða sölu og endurleigu fasteigna. Athuga ber að hluti af veltufjármunum sveitarfélaganna getur verið viðskiptakrafa á B-hlutastofnanir, s.s. hafnir og félagslega íbúðarkerfið. Í mörgum tilvikum er hæpið að þær kröfur verði greiddar. Því getur veltufjárstaðan verið ofmetin í

einhverjum tilvika. Yfirleitt eru þó veltufjármunir verulega hærri en skammtímaskuldir sem segir að lausafjárstaða sveitarfélaganna sé í heildina tekið frekar góð. Fróðlegt er

í þessu sambandi að skoða efnahagsreikninginn í krónum á íbúa. Á þann hátt fæst betri möguleiki á að bera stöðuna saman milli einstakra flokka.

Tafla 7. Efnahagsreikningur, kr. á íbúa

Kr. á íbúa	Reykjavíkurborg	Höfuðborgarsv. án Rvk	Vaxtarsvæði	Önnur sveitarfélög	Meðaltal f. landið
<b>Fastafjármunir</b>	984.794	1.311.823	1.446.213	1.168.673	1.198.449
<b>Veltufjármunir</b>	171.449	85.735	184.602	219.383	158.852
<b>Eignir samtals</b>	1.156.243	1.397.559	1.630.815	1.388.056	1.357.302
<b>Eigið fé</b>	669.675	437.507	473.721	545.497	547.853
<b>Skuldbindingar</b>	61.633	162.099	113.277	227.285	123.269
<b>Langtímaskuldir</b>	347.298	598.008	829.096	462.102	535.458
<b>Skammtímaskuldir</b>	77.638	199.945	214.720	153.171	150.722
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>	486.568	960.052	1.157.093	842.558	809.449
<b>Skuldir og eigið fé</b>	1.156.243	1.397.559	1.630.815	1.388.056	1.357.302
<b>Eiginfjárlutfall</b>	<b>57,9%</b>	<b>31,3%</b>	<b>29,0%</b>	<b>39,3%</b>	<b>40,4%</b>
<b>Veltufjárlutfall</b>	<b>2,2</b>	<b>0,4</b>	<b>0,9</b>	<b>1,4</b>	<b>1,1</b>

Hér kemur glögg fram að skuldir og skuldbindingar á íbúa í A-hluta sveitarsjóða eru lægst í Reykjavík. Þær eru hæstar á íbúa á „Vaxtarsvæði“ en nokkuð lægri í öðrum flokkum. Eiginfjárlutfall Reykjavíkurborgar er tæp 60% á meðan það er 31,3% hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur“ og 29,0% á „Vaxtarsvæði“. Samkvæmt þessum niðurstöðum er efnahagur sveitarfélaganna að jafnaði sterkur. Á það ber þó að minna að hér eru samandregnar niðurstöður fyrir einstaka flokka. Innan hvers flokks er þannig iðulega töluverður breytileiki. Veltufjárlutfall í hverjum flokki kemur fram í neðstu línu töflunnar. Það sýnir hlutfallið milli veltufjármuna og skammtímaskulda. Þetta hlutfall á helst að vera hærri en 1,0 eða að veltufjármunir séu minnst jafnháir skammtímaskuldum. Ef veltufjárlutfallið er lægra en einn þá fer að byggjast upp hættu á að lausafé sé ekki alltaf tiltækt þegar þarf að greiða reikninga. Það hefur t.d. í för með sér aukinn vaxtakostnað. Því lægra sem veltufjárlutfallið er því meiri líkur eru á aukakostnaði vegna þessa með tilheyrandi erfiðleikum. Það er lægst hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur“ en á landsvísu er það um 1,1 sem er í þökkalegu lagi. Breytileiki þessarar kennitölu er hins vegar greinilega mikill.



Frá Vestmannaeyjum

## Að lokum

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga fyrir árið 2012 voru afgreiddar með hliðsjón af nýsamþykktum sveitarstjórnarlögum. Í þeim er m.a. kveðið á um um fjármálareglur sveitarfélaga. Fjármálareglur sveitarstjórnarlaga kveða annars vegar á um jafnvægi í rekstri sveitarfélaga yfir hvert þriggja ára tímabil og í öðru lagi um að skuldir og skuldbindingar skulu ekki vera hærrí en sem nemur 150% af heildartekjum. Sveitarfélögin hafa allt að 10 ár til að aðlagast sig að markmiðum skuldareglunnar.

Eftir er að útfæra þessar reglur nákvæmar í reglugerð en lögin gefa strax ákveðna vísbendingu um það sem fyrir sjáanlegt er. Í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir árið 2012 kemur fram að veruleg áhersla er lög á niðurgreiðslu lána og er ekki annað séð en að stefnt sé að lækkun skulda á árinu í heildina litið. Einnig er sýnilegt að sveitarfélögin

gera ekki ráð fyrir að auka fjárfestingar frá síðasta ári. Það er nokkuð áhyggjuefni með tilliti til atvinnulífs í landinu og atvinnustigsins almennt. Sveitarfélögin, rekstur þeirra og fjárfestingar skipta verulegu máli í rekstri þjóðarbúsins. Á hinn bóginn getur hver og ein sveitarstjórn ekki tekið aðrar ákvarðanir í þeim efnum en sem falla inn í fjármálastefnu sveitarfélagsins til framtíðar. Alltaf er ákveðin óvissa um þróun ýmissa afgerandi þátta eins gengur þegar óvissa ríkir um ýmis atriði í efnahagslegu tilliti. Þar má til nefna þróun útsvarstekna, þróun ýmissa kostnaðarþátta í starfsemi sveitarfélaganna, hver verður þróun atvinnuleysis og þannig mætti áfram telja. Þróun á gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hefur einnig mikil áhrif á efnahagsreikning sveitarfélaganna þar sem allnokkur hluti af lánum þeirra er gengistryggður á einn eða annað hátt. Verðbólga er annar þáttur sem skiptir miklu máli hvað varðar efnahagsreikninginn og fjármagnsliði. Það er því ljóst að áframhaldandi varfærni og aðhald í rekstri sveitarfélaganna er óumflýjanlegt.

Hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga 2/2012

Ábm.: Gunnlaugur A. Júlíusson, sviðsstjóri



**Samband íslenskra  
sveitarfélaga**

Borgartúni 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

Sími: 515 4900, Fax: 515 4903

[www.samband.is](http://www.samband.is) [samband@samband.is](mailto:samband@samband.is)